

Siglingaráð

3. fundur

Dags.: 5. mars 2018, kl. 13:00 til 15:00 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Mættir: Ásbjörn Óttarsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Björn Freyr Björnsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Guðjón Á. Einarsson (Félag skipstjórnarmanna), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), J. Snæfríður Einarsdóttir (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Axel Helgason (Landssamband smábátaeigenda), Sigrún Árnadóttir (Hafnasamband Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmþæknimanna), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Gestir fundar: Gunnar G. Gunnarsson og Jón Bernódusson (Samgöngustofa/SGS).

Lagt var fram:

1. Fundargerð 2. fundar Siglingaráðs (ÁP sendi í tölvupósti).
2. Dagskrá fundar (ÁP sendi með fundarboði).
3. Drög Navis að yfirliti öryggishandbókar fyrir skip (JSE sendi í tölvupósti)
4. Afmörkun siglingaleiða, reglugerð og drög að breytingum (BFB sendi í tölvupósti)
5. Vinnuskilyrði farmanna/MLC drög að frumvarpi (BFB sendi í tölvupósti)
6. Uppgjör kostnaðar Áætlunar um öryggi sjófarenda 2017 (Samgöngustofa)
7. Áætlun um verkefni og ráðstöfun fjár 2018 (Samgöngustofa)

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

ÁÓ setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Ákveðið að á næsta fundi (í apríl) verði m.a. fjallað um:
 - a. Öryggishandbók fyrir skip. JSE tók að sér að leiða vinnuhóp Siglingaráðs sem fundar um verkefnið fyrir næsta fund Siglingaráðs. Ásamt JSE verða AH, VV, HAG og HS í vinnuhópnum.
 - b. App fyrir Eigin skoðun skipa en tilboð í gerð þess var hærra en áætlað var.
 - c. Auglýsing um styrki til hugvitsmanna. Frestur til að skila inn umsóknum verður 1. maí n.k. ÁP ætlar að ljúka gerð auglýsingar um styrkinn og verður hann auglýstur á heimasíðum aðila að Siglingaráði og á samfélagsmiðlum. Hlekkur verður á umsóknareyðublað á vef Samgöngustofu.
3. BFB fór yfir drög að reglugerðum og lagafrumvörpum.

Almennt um laga- og reglugerðabreytingar er þess óskað að Siglingaráð fái kynningu á lagafrumvörpum og reglugerðum og eigi þess kost að koma með athugasemdir áður en þau eru send frá ráðuneytinu til afgreiðslu.

 - a. Í umræðu um innleiðingu MLC kom fram m.a. að frumvarpsdrögin nái ekki yfir alla samþykktina heldur sé gert ráð fyrir að tekið verði á sumum ákvæðum með reglugerðum. Efasemdir komur fram um að þær reglugerðir að verði nokkurn tímann gefnar út. Fram kom að ekki eigi að setja í reglugerðir ákvæði sem eiga betur heima í lögum. Bent var á að hér á landi væri ekki starfandi velferðarþjónusta fyrir sjómenn. Rætt var um hækkun lágmarksaldurs sjómanna í Sjómannaalögum en algengt er að 15 ára unglingar prófi sjómennsku, sérstaklega þar sem ungmenni eru skilgreind sem börn að 18 ára aldri. Fram kom að ungmenni 16-18 ára mega ekki ganga vaktir um borð í skipum. Ákveðið að fá Elínu Ósk Helgadóttur til að kynna frumvarpið fyrir ráðinu við fyrsta tækifæri en stefnt er að því að það verði lagt fyrir á haustþinginu.

- b. JSE spurði um stöðu lagafrumvarps um öryggisstjórnunarkerfi fiskiskipa, ISM. BFB sagði drögin fyrir hendi en frumvarp ekki verið sett á dagskrá vorþings, ekkert sé til fyrirstöðu því að að halda áfram þeirri vinnu fyrir haustið.
 - c. Köfunarfrumvarp verður unnið í samráði við hagsmunaaðila.
 - d. Aðskildar siglingaleiðir. Reglugerðin þykir flókin og er ætlunin að skýra textann án efnislegra breytinga. GJ sagði frá aðkomu sinni að samningu þessara reglna á sínu tíma sem voru nokkuð skýrar. Textinn varð í lokin flókin og illskiljanlegur. Markmiðið er að halda stórum skipum á ytri leið og að það þurfi sérstakar aðstæður til að heimila skipum yfir 20 þús tonn að fara innri leiðina. Heimildir þarf að sækja til Samgöngustofu en þar er sími opinn 09-15. Eðlilegra væri að heimildin væri í gegnum Vaktstöð siglinga þar sem er sólarhringsvöktun. Umræða var um málið og niðurstaðan var að BFB haldi vinnufund með þeim sem það vilja. Ákveðið að BFB bjóði aðilum að Siglingaráði framvegis til kynningar- og umræðufunda um lagafrumvörp og reglugerðir sem eru í vinnslu.
4. GGG og JB mættu á fundinn (13:45). GGG sagði frá uppgjöri áætlunarinnar fyrir árið 2017 þar sem heildarkostnaður vegna verkefna var sagður vera 18,4 mkr, útlagður kostnaður 10,6 mkr og kostnaður við verkframlag Samgöngustofu 7,8 mkr fyrir 691 unnar klukkustundir. Tillaga Samgöngustofu um verkefni 2018 var með áætlaðan heildarkostnað uppá 13,5 mkr. ÁÓ þakkaði GGG og JB fyrir kynninguna og yfirlit þeir fundinn (14:00). JSE yfirlit fundinn.
 5. Umræða var um uppgjör 2017 og þótti það með ólíkindum hversu óforskammað það væri. Þarna var búið að eyða fjármunum í verkefni „Styrkir til hugvitsmanna“ sem ekki voru samþykkt af Siglingaráði og „Kennslubók í vélfræðum“ þar sem heimilað var með semingi að veita 2,5 m.kr en ekki 2,8 líkt og fram kemur í uppgjöri ásamt því að skráður kostnaður Samgöngustofu við sum verkefni væri með ólíkindum. ÁÓ sagði að hann hafi haldið að búið væri að leggja línurnar varðandi það að Siglingaráð stjórn áætluninni og ákveði verkefni og fjárveitingar til hvers um sig, fleiri tóku undir það. AH lagði til „verkfall“ Siglingaráðs þar til ráðuneytið hefur kippt þessu í liðinn og yfirlit hann fundinn. Samhljómur var hjá fulltrúum í ráðinu að þetta gengi ekki lengur því mikil vinna og orka hefur farið í að kljást við Samgöngustofu sem virðist ætla að halda áfram að vaða yfir Siglingaráð á skítugum skónum og skrifa feita reikninga á allt vinnuframlag hvort sem það er þeirra lögbundna hlutverk eða ekki. Ákveðið að ÁÓ fái fund með æðstu stjórnendum ráðuneytisins sem fyrst til að ræða þessi mál.
 6. Önnur mál: HS lagði til breytingar á reglugerð nr. 463/1998 um leyfi til farþegaflutninga en í henni eru ákvæði um að neyðaráætlun og öryggisteikning skips séu á áberandi stöðum en það gengur ekki upp sé tekið tillit til öryggissjónarmiða s.s. hryðju- og skemmdarverka. Einnig þarf að vera hægt að breyta neyðaráætlunum reglulega en vegna krafna um samþykki og stimplun Samgöngustofu er það ekki auðvelt. ÁLÁ benti á að það væru engin refsíákvæði í þessari reglugerð og því tíðkist það að verið sé að brjóta þessar reglur í farþegabátum. GÁE sagði að sama væri um 14 tíma regluna því engin viðurlög væru við brotum á henni.
 7. Næsti fundur verður mánudaginn 12. mars 2018 kl. 13:00 og verður boðaður með tölvupósti. IV ritaði fundargerð.